

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995, iðnaðarsvæði austan við byggðina í Vík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995 frá 11. ágúst 1977.

Breytingin varðar landnotkun austan við byggðina í Vík, óbyggt svæði verður svæði fyrir iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Mýrdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.